

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra – Hvamms

3.11.20

Mætt á TEAMS: Kristján Þór Magnússon, Heiðbjört Ólafsdóttir, Bylgja Steingrímsdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson, Jón Helgi Björnsson, Sigurður Böðvarsson, Áslaug Halldórsdóttir og Arnór Benónýsson.

Fundur settur 14:30.

Fundargerð

1. Rekstur 2020

Jón Helgi fór yfir stöðu reksturs dvalarheimilisins. Launagreiðslur eru nokkru hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna kjarasamningsbundinna launahækkanna, veikindalauna og aukavaktar sem komið var á sl. vor til að minnka álag á starfsfólk. Aðrir liðir eru nálægt áætlun. Hægst hefur á tapi Dvalarheimilisins nú síðustu mánuði, en mikilvægur liður í að styrkja reksturinn væri að fá inn fyrirhugaða fjölgun hjúkrunarrýma um sex strax. Stjórn skorar á heilbrigðisráðuneytið að verða við óskum Hvamms þess efnis.

Farið var yfir útreikninga á hjúkrunarþjónustu og millifærsluverðum á milli DH og HSN sem lagt verður fyrir endurskoðanda Dvalarheimilisins.

2. Drög að áætlun 2021

Jón Helgi fór yfir stöðu á vinnu við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2021. Framkvæmdastjóri mun senda útkomuspá og drög að áætlun fyrir árið 2021 til aðildarsveitarfélaganna á næstu dögum.

3. Uppbygging hjúkrunarheimilis – staða mála

Stjórnarformaður fór yfir stöðu málsins. Útlit er fyrir að farið verði í útboð á jarðvinnu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við uppbyggingu nýs hjúkrunarheimili á fyrsta ársfjórðungi og að uppgröftur á lóð hefjist næsta vor. Fyrirhugað er að vinna við uppbygginguna á sjálfri byggingunni verði boðin út haustið 2021 miðað við núverandi tímaramma verkefnisins.

4. Umræða um Covid-19.

Farið var yfir viðbrögð Dvalaheimilisins við Covid-19 faraldrinum. Heimsóknir eru verulega takmarkaðar ásamt því að fleiri forvörnum og mikilvægum sóttvarnaráðstöfunum er sinnt eftir ítrústu reglum. Starfið hefur gengið vel þrátt fyrir sóttvarnaraðgerðir og vill stjórn koma á framfæri þökkum og hvatningu til starfsfólks fyrir vel unnin störf í íþyngjandi aðstæðum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 15:00